

## Námskeið: Þjálfun í raunfærnimati

Miðvikudaginn 25. febrúar kl. 09.30 til 16.00

Fimmtudaginn 26. febrúar kl. 09.30 til 16.00

Námskeiðið er haldið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Skeifunni 8, 108, Reykjavík

### Námskeiðslýsing

Námskeið þetta er ætlað tilvonandi matsaðilum (fagaðilum og náms- og starfsrágjöfum) og verkefnisstjórum í raunfærnimati á vegum framhaldsskólanna og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum fullorðinna um land allt. Tilgangur námskeiðsins er að kynna fyrir þátttakendum hugtakið raunfærnimat og þjálfá þá í því að vinna við raunfærnimat samkvæmt því ferli sem þróað hefur verið hér á landi. Námskeiðið er liður í því að formfesta raunfærnimatsferlið, stuðla að gæðum og mæta síauknum þörfum og eftirspurn eftir raunfærnimati í samræmi við kostnaðarþátttöku ríkisins. Námskeiðið er samtals 15 kennslustundir.

### Leiðir á námskeiðinu

Á námskeiðinu verður farið yfir þróun raunfærnimats í Evrópu sem og héraendis og fyrirbærið skilgreint. Farið verður yfir það raunfærnimatsferli sem þróað hefur verið hér á landi og unnið með hugkort og greiningardæmi til glöggvunar á framkvæmd þess. Lögð er áhersla á almenna virkni þátttakenda í gegnum umræður og æfingar í hópum þar sem þátttakendur fá tækifæri til að byggja upp færni í að meta raunfærni á uppbyggilegan og réttmætan hátt og finna lausnir á álitamálum. Þátttakendur fá tækifæri til að ræða saman um reynslusögur einstaklinga sem hafa farið í gegnum raunfærnimat og ígrunda eigið viðhorf gagnvart raunfærnimati. Stuðst verður við *Leiðarvísi um mat á raunfærni*, bæklinginn *Raunfærni-Raunfærnimat (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins)* ásamt ítarefni sem byggir á reynslu og skýrslum frá ýmsum Evrópulöndum og Evrópusambandinu.

### Mat á árangri námskeiðsins

- Umræðuverkefni og lausn greiningardæma.
- Sjálfsmat þátttakenda á eigin færni út frá þar til gerðum gátlista (færnikröfur fyrir matsaðila í raunfærnimati).
- Mat kennara á framlagi þátttakenda í verkefnum.

Námskeiðið er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

### Skráning og nánari upplýsingar:

Haukur Harðarson

[haukur@frae.is](mailto:haukur@frae.is)

599-1400